

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Jón Kristjánsson

URRIDAVEIÐIN Í LAXÁ Í
ÞINGEYJARSÝSLU OFAN BRÚA 1977

Fjölrit 22

Reykjavík
1978

Urriðaveiðin í Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa 1977.

Eftirfarandi skýrsla er unnin úr þeim veiðiskýrslum sem Veiðimálastofnuninni hafa borist um veiðina 1977. Aflinn, mældur í fjölda fiska, var meiri en nokkru sinni síðan regluleg skýrslusöfnun hófst 1974. Alls veiddust 2373 fiskar á efra svæði og 764 á neðra svæði. Áætluð þyngd veiðinnar (meðalþyngdarstuðull 1,2 = K faktor) er 2965 kg á efra svæði og 959 kg á neðra svæði, samtals 3924 kg. Aflaverðmæti 1,8 milljónir miðað við 450 kr. kílóverð. Tafla 1 sýnir hvernig veiðin skiptist milli einstakra veiðistaða ásamt fjölda notaðra leyfa. Þá er einnig sýnt hlutfall milli notaðra leyfa og leyfilegs hámarksfjölda á hverjum stað (sölunýting). Hæst er nýtingin 51,7% í Hofsstaðaey, en lægst á svæðinu Kasthvammur-Presthvammur, 12,3%. Meðalsölunýting árinna allrar er 24,2%. Meðalafli á dagsstöng hefur hækkað frá í fyrra úr 2,47 fiskum á stöng fyrir alla ána, í 3,78 fiska og hefur hann aldrei verið hærri.

Tafla 2 sýnir skiptingu mældra fiska í 3 cm lengdarflokka, og á myndum 1 og 2 hefur taflan verið sett upp í línurit. Áberandi er hve mikið veiddist af 36-44 cm fiski. Á efra svæði er þessi fiskur 5 vetra gamall (klakinn vorið 72), en bæði 4 og 5 vetra á neðra svæði. Fiskurinn á neðra svæði vex hraðar eins og áður hefur verið sýnt fram á, og er því fljótari að ná 35 cm markinu. Athyglisvert er, að aldrei síðan skýrslusöfnun hófst, hefur svo mikið veiðst af smáum urriða á neðra svæði og má þvíætla, að árgangarnir 72 og 73 séu nokkuð góðir. Þar sem áður hefur verið bent á, að nýliðun á neðra svæði sé miklu minni en áin þolir, kemur upp sú spurning hvort ekki væri rétt að hækka lágmarksstærð á fiski, sem má drepa fá 35 cm upp í 40 cm, í þeim tilgangi að vernda meira ungan og upp-vaxandi fisk.

Mynd 3 sýnir vikulega veiðileyfanýtingu fyrir efra veiðisvæði og vikulegan meðalafli á dagsstöng og skýrir hún sig sjálf.

Fiskmerkingar.

250 urriðar voru merktir víðs vegar á efra svæði í endaðan maí 1977. 25 (10%) endurheimtust á veiðitímabilinu. Þetta er óvenju léleg endurheimta og er ekki vitað um hvað veldur því. Hugsanlegt er,

að fiskurinn hafi drepist óvenju mikið eftir merkinguna, eða að merkin hafi losnað úr honum. Um helmingur fiskanna endurveiddist á sama stað og þeir voru merktir, afgangurinn veiddist annarsstaðar. Svo virtist sem fiskur, sem merktur var úr Kötlu hefði mesta tilhneygingu til að fara á flakk, eða 7 af 12 fiskum.

Hér með fylgir yfirlit yfir þá fiska, sem veiddust annarsstaðar en þeir hafa verið merktir árin 1975-77.

<u>Merkingastaður og tími</u>	<u>Endurheimtustaður og tími</u>
Sog 25.5.75 -----	Ytravað 17.7.75
Katla 31.5.76 -----	Ærhelluflói 6.7.76
Ærhelluflói 1.6.76 -----	Geirastaðaskurður 12.7.77
Katla 25.5.77 -----	Landhólmar, Geirast.2.8.77
Geldingseyjarbrú 25.5.77 -----	Hagatá 2.8.77
Köttlustrengur 26.5.77 -----	Gunnlaugsvað sept. 77
" " -----	Ærhelluflói 19.6.77
" " -----	Geldingseyjarbrú sept. 77
" " -----	Geirastaðaskurður 5.6.77
" " -----	Sandvík, Hofsstaðir 27.6.77
Geirastaðaskurður 1.6.77 -----	Hagatá sept. 77
Steinsrass 1.6.77 -----	Geldingseyjarbrú 8.7.77
Brottaflói 1.6.77 -----	Steinsrass 23.6.77
" 1.6.77 -----	Kleif 27.6.77
Köttlustrengir 1.6.77 -----	Sandvík, Hofsstaðir 19.7.77

Samtals 15 af alls 55 endurheimtum.

Ekki hefur verið tekin ákvörðum um, hvort merkingum verður haldið áfram á komandi sumri, en vissulega væri það áhugavert.

Ýmsar ályktanir.

Lengdarmælingar hafa verið gerðar á urriðastofnunum í Laxá síðan 1974 og eru þessar upplýsingar ómetanlegar sem hjálpargagn við nýtingu árinna, gera má ráð fyrir að lengdardreifing aflans gefi mynd af raunverulegri lengdardreifingu þess hluta stofnsins sem er yfir ca 35 cm. Bæði lengdarmælingar, hreisturslesning og merkingar hafa sýnt, að fiskstofnarnir í efra og neðra svæði eru aðskildir og lítil blöndum virðist eiga sér stað á milli þeirra. Með öðrum orðum fiskurinn er staðbundinn í ánni. Þetta þýðir að hægt er að ofveiða suma veiðistaði, án þess að áin sé ofveidd sem heild.

Nokkuð augljóst er, að neðra svæðið hefur verið ofveitt undanfarin ár. 1974 og 75 er veitt mikið af miðlungsstórum og stórum fiski, en lítið af smáum. Aðstreymi ungfisks er lítið og veldur þetta aflaminnkun á þessum stærðarflokkum 76 og 77. Nýliðunin hefur ekki haft við veiðinni. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig tiltölulega sterkir árgangar frá 72 og 73 hafa áhrif á aflann framvegis, svo og hvort áframhald verður á aðstreymi ungfisks.

Á efra svæðinu virðist nýliðunin geta haldið í við veiðina, því ekki er að sjá, að fjöldi fiska í hinum ýmsu lengdarflokkum hafi breyst neitt að ráði. Má því ætla, að með núverandi veiðiálagi fáist svipaður aflur frá ári til árs, svo framarlega sem nýliðunin haldist jöfn. Nú er veiðileyfasalan á efra svæði ekki nema tæp 30% af því sem hún gæti verið. Ekki getur þó talist ráðlegt að auka veiðileyfasölu, nema að minnkun á hámarksafla á dagstöng komi á móti, þannig að heildaraflur á svæðinu fari ekki yfir ca 2500 fiska. Vegna þess hve fiskurinn er staðbundinn væri einnig rétt að stýra veiðiálaginu á staði sem lítið er farið á í dag, eins og t.d. Hamar, sem er aðeins með um 14% stangarnýtingu (Hofsstaðaey 52%). Þetta mætti gera með því, að hafa mismunandi verð á veiðileyfum eftir svæðum.

Það segir sig sjálfst að stórt veiðisvæði eins og Hamar er vannýtt með 140 fiska afla miðað við að í Vörðufloá einum saman voru teknir um 400 fiskar 1977. Óvíst er hvort Vörðufloáinn hefur þolað þessa miklu veiði.

Hvað snertir veiðiaðferðir, þá er það mitt álit að fluguveiði með kúlu sé stórvirkari veiðiaðferð en fluguveiði með þar til gerðri flugustöng. Með kúlunni er hægt að ná til allra staða í ánni og fiskurinn á hvergi griðland. Sérstaklega á þetta við um neðra svæðið, en fluguveiði þar, með venjulegum aðferðum er erfið, vegna breiddar árinna. Kúlan hinsvegar kemur alla ána. Aðstöðumunurinn verður enn meiri þegar vindur er. Vil ég biðja veiðifélagið að íhuga þetta sérstaklega.

Ýmislegt mætti tína til fleira, en ég lét þetta nægja að sinni og vil þakka Veiðifélagi Laxár og Krákár fyrir góða samvinnu, sem ég vona að haldist.

Reykjavík 20. febrúar 1978,

Jón Kristjánsson.

Tafla 1. Laxá 1977. Urriðaveiði á einstökum veiðistöðum.

Stöng nr.	Staður	Notuð leyfi		Fjöldi 77	Fjöldi fiska		Afli pr. dagsstöng	
		fjöldi 77	%77		77	76	77	76
1,3,3	Geldingsey	53	17,0	55,5	144	159	2,7	2,86
4,5	Arnarvatn	49	23,6	51,5	138	131	2,8	2,9
6,7	Geirastaðir	57,5	27,6	57,0	248	118	4,3	2,1
8 9 10	Helluvað	137,5	44,1	102,0	561	326	4,1	3,2
11 12 13	Hofsstaðir	86,5	27,7	128,0	359	367	4,2	2,9
14 15	Hofsstaðaey	107,5	51,7	118,0	582	504	5,4	4,3
16 17	Brettingsst.	49,0	23,6	19,0	198	36	4,0	1,9
18 19	Hamar	28,5	13,7	48,5	143	131	4,7	2,7
20 21	Ljótsst.-Auðnir	29,0	13,9	32,0	75	39	2,6	1,2
22 23 24	Hólar-Árhólar	62,0	19,9	71,5	192	93	3,1	1,3
25 26	Auðnir-Þverá	37,0	17,8	38,5	121	60	3,3	1,6
27 28	Árhv.-Kasthv.	51,0	24,5	67,0	130	114	2,6	1,7
29	Halldórsst.	12,0	11,5	77,5	30	100	2,5	1,3
30 31	Birningsst.	45,5	21,9		142		3,1	
32 33	Kastvh.-Presthv.	25,5	12,3	39,0	74	45	2,9	1,2
Samt. efra svæði		568,5	28,77	579,5	2373	1772	4,17	3,05
Samt. neðra svæði		262,0	17,99	325,5	764	451	2,92	1,39
Alls		830,5	24,20	905,0	3137	2223	3,78	2,47

Tafla 2. Skipting mældra fiska í 3 cm lengdarflokka í Laxá 1977.

Lengd cm.	Efra svæði		Neðra svæði	
	Fjöldi mældra 1977	1976	Fjöldi mældra 1977	1976
36	161	69	65	32
37-39	232	144	104	34
40-42	295	173	93	32
43-45	218	143	65	38
46-48	173	186	71	58
49-51	185	174	75	58
52-54	197	180	97	84
55-57	160	112	74	60
58-60	92	69	53	20
61-63	36	20	18	3
64-66	8	8	1	0
67-69	2	0	0	2
70	3	6	0	0
Samtals	1762	1284	716	421
% mældra af heildarafla	74,3	72,5	93,7	93,3

Tafla 3. Afli miðaður við sókn 1977.

Efra svæði

Fjöldi fiska	1		2	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
0	74	19,7	131	33,8
1	44	11,7	74	19,1
2	34	9,1	48	12,4
3	36	9,6	41	10,6
4	34	9,1	24	6,2
5	31	8,3	24	6,2
6	29	7,7	46	11,9
7	19	5,1		
8	13	3,5		
9	9	2,4		
10	16	4,3		
11	10	2,7		
12	26	6,9		

Neðra svæði

Fjöldi fiska	1		2	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
0	38	24,7	93	43,3
1	28	18,2	42	19,5
2	24	15,6	34	15,8
3	10	6,5	18	8,4
4	17	11,0	13	6,0
5	8	5,2	9	4,2
6	8	5,2	6	2,8
7	4	2,6	1	0,5
8	5	3,2		
9	4	2,6		
10	3	1,9		
11	1	0,6		
12	4	2,6		

1. dálkur sýnir fjölda og % þeirra veiðimanna, sem veiddu 0,1,2 eða fleiri fiska á heilt dagsleyfi. Dálkur 2, sýnir sama fyrir þá sem voru við veiðar hálfan dag.


MYND 1

LENGDARDEIFING URRIÐA I KAFA, FERÐA SVÆÐI

1977

1976

1975



Fjöldi Fiska.

Lengd cm.


MYND 2.

KENGDARDFEING URRIÐA Í LAXA, NEÐRA SVÆÐI

—●— 1977
 -x- 1976
 -o- 1975

FJÖLDI FISKA

150
100
50



kenGD. cm.

Laxá 1977, Efra svæði.

Vikuleg veiðileyfanýting í % og meðalafli á dagsstöng.

Mynd 3.

Fjöldi á dagsstöng

Vikulegur
meðalafli
á dagsstöng

Afli á dagsstöng

Nýting

Vika

100%
90
80
70
60
50
40
30
20
10

Vikuleg
veiðileyfa-
nýting

